



BSF2B01 Stýri – fjöðrun – Framvagn

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Björgvin Guðleifsson
Gísli Þór Þorkelsson

Netfang/netföng:

bjorgving@bhs.is
gisli.thorkelsson@borgo.is

Lýsing:

Farið yfir aðferðir við mat á ástandi búnaðar og íhluta í framvagni, vinnubrögð við viðgerðir og meðhöndlun búnaðar og íhluta. Upprifjun á frágangi skráffestinga. Farið yfir grunnatriði hjólastillinga. Áhersluatriði í kennslu: vönduð vinna, fagleg vinnubrögð og nákvæmni. Mikilvægi þess að allar festingar og splitti séu rétt frágengin. Gera grein fyrir þeirri hættu sem skapast af lélegum vinnubrögðum. Slysahætta við vinnu undir ökutæki og akstursöryggi eftir viðgerð

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið; nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu hugtökum er varða hjólastillingar • aðferðum við mat á ástandi búnaðar og íhluta í framvagn • reglum um frágangur skráffestinga

Hæfniviðmiðnemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • meta ástand algengs stýris- og fjöðrunarbúnaðar, þ.m.t. hjól og hjólbarða

Leikniviðmið; nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
o ástandsskoða stýris- og fjöðrunarbúnað
o mæla og stilla hjólastefnu fólks- og flutningabifreiða
o nota bilanagreini við miðjustillingu stýris

Námsmat:

o Verklegt mat; Gildir 40% af lokaeinkunn Nemandinn tekur í sundur ýmsar gerðir stýrisbúnaðar, lýsir viðgerðum eða skiptum á íhlutum. Hann lýsir áhrifum slitinna íhluta á akstursegginleika og akstursöryggi og hvernig viðgerðamaður gengur úr skugga um framangreind atriði

o Skriflegt mat; Gildir 40% af lokaeinkunn Nemandinn leysir próf/verkefni um fræðilega þætti áfangans og viðeigandi ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja

o Þátttaka og virkni; Gildir 20% af lokaeinkunn Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi, viðhorf nemanda á námið og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara.

Til að standast áfangann þarf nemandi að ná að lágmarki 5 í öllum námsmatþáttum og samanlagt að lágmarki 5 í lokaeinkunn. Nemandi þarf að klára 95% af öllum prófum/verkefnum svo þau séu tekinn gilt til mats.



Námsgögn:

Electude gagnvirkt námsefni. Nemendur greiða aðgang í heimabanka inn á bankareikning Borgarholtsskóla: 0114-26-000005 á kt. 700196-2169 kr. 5.500. Kennara er send bankastaðfesting á netfangið gisli.thorkelsson@borgo.is og verður aðgangur nemenda virkjaður eftir það

Glærur og önnur gögn frá kennara og skóla.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Viðvera:

Nemendur skulu fylgja reglum um sóttvarnir, kennari áskilur sér rétt til að vísa nemendum úr kennslustund sé reglum ekki fylgt.

Nemendur skulu mæta stundvíslega í upphafi hvers kennsludags og hvernar kennslustundar. Fjarvist umfram einn dag geta valdið því að nemandinn fái ekki lokið lotunni.

Vinnufatnaður;

Nemendur skulu klæðast viðeigandi vinnufatnaði. Öryggisskór eru skylda. Kennari áskilur sér rétt að vísa nemanda úr kennslu sé hann ekki í öryggisskóm.

Verkefnalisti:

Verklegar æfingar: • Nota viðgerðaupplýsingar þegar unnið er að viðgerð á stýri og fjöðrunarbúnaði • Taka stýri og fjöðrunarbúnað í sundur • Setja saman stýri og fjöðrunarbúnað og gæta stillingum við samsetningu • Tryggja rétta herslu festingu og læsingu íhluta í stýri og fjöðrunarbúnaði • Þjálfa bilunarleit í stýri og fjöðrunarbúnaði • Þekkja slit og skemmdir í stýri og fjöðrunarbúnaði • Þekkja þær hættur sem eru til staðar þegar unnið er í stýri og fjöðrunarbúnaði
Skrifleg æfingar: • Electude verkefni
• Steering System Procedures • Suspension System Procedures



Vika	Dags.	Námsþættir
2	Frá 16. sept	Kynning á áfanga. Fyrirlestur um stýris- og fjöðrunarbúnað. Verklegar æfingar. Skrifleg verkefni.
2	til 22. sept	Unnið að verkefnum lotunnar

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.